



MELASKÓLI

Umbótaáætlun skólaárið 2026 – 2027

Byggt á niðurstöðum innra mats frá vorinu 2026 og langtímaáætlun Melaskóla, er hér sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026–2027. Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

1. Nám og kennsla

Lögð er áhersla á að bæta gæði kennslu og auka hlutdeild nemenda í eigin námi, í samræmi við langtímaáætlun skólans.

- **Sýnileg námsmarkmið:** Innleiða það sem fasta venju í öllum kennslustundum að námsmarkmið séu skrifuð á töflu eða gerð sýnileg á annan hátt fyrir nemendur.
- **Virgni námsfélaga:** Þróa og innleiða markvissari aðferðir til að virkja „námsfélaga“ í samræðum um viðfangsefni dagsins.
- **Val nemenda:** Auka tækifæri nemenda til að velja hvernig þeir skila verkefnum sínum, en aðeins 42,1% nemenda töldu sig hafa það val vorið 2026.
- **Áherslupættir langtímaáætlunar:** Vinna markvisst með gæðaviðmiðin *Inntak og námskrá, Gæði kennslu og Skipulag náms*.

2. Samskipti og upplýsingamiðlun til foreldra

Niðurstöður foreldrakönnunar sýna að bæta þarf miðlun upplýsinga um stefnu og árangur.

- **Kynning á stefnu:** Gera stefnu og gildi skólans sýnilegri og aðgengilegri fyrir foreldra, þar sem skólinn skoraði 3,16 í þessum þætti (undir borgarmeðaltali).
- **Upplýsingar um námsmarkmið:** Bæta upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur og námsmarkmið barna þeirra.
- **Samráð:** Leita markvissar eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum varðandi skólastarfið.

3. Starfsumhverfi starfsfólks

Taka þarf á þeim þáttum í vinnuumhverfinu sem fengu lægstar einkunnir í starfsmannakönnun.

- **Hljóðvist og loftgæði:** Greina og framkvæma úrbætur á hljóðvist (einkunn 2,75) og loftgæðum (einkunn 3,09) í kennslurýmum og vinnuaðstöðu.



MELASKÓLI

- **Vinnuaðstaða:** Endurskoða og bæta vinnu- og skrifstofuaðstöðu starfsfólks (einkunn 2,94).

4. Skólabragur og velferð

Samkvæmt langtímaáætlun er **sjálfsefling** sérstakur áhersluþáttur fyrir skólaárið 2026–2027.

- **Agastjórnun og einelti:** Vinna með viðbrögð við stríðni og einelti ásamt því að bæta almennan aga í skólanum, en þessir þættir mældust undir borgarmeðaltali í mati foreldra.
- **Sjálfsefling nemenda:** Innleiða verkefni og kennsluhætti sem styðja við sjálfseflingu nemenda í samræmi við menntastefnu Reykjavíkur.

Eftirfylgni og mat

- **Vettvangsathuganir:** Stjórnendur haldi áfram reglulegum innlitum í kennslustundir til að fylgja eftir sýnileika námsmarkmiða.
- **Kannanir:** Nota niðurstöður úr Skólapúlsinum og næstu viðhorfskönnunum til að meta hvort breytingarnar hafi skilað árangri, sérstaklega hvað varðar val nemenda og upplýsingamiðlun til foreldra.